

Þegar kvenfrelsi varð að sólmiðjukenningu

Mig langar til að biðja ykkur að koma með mér í ferðalag. Við ætlum að ferðast um í tíma, frá árinu 300 fyrir krist til ársins 2061.

Heimssýn okkar mannfólksins í árhundruði og fram til ársins 1543 var sú að jörðin væri miðja alheimsins. Tilvist okkar og lífssýn mótaðist út frá þessari „staðreynd” í árhundruði.

Þá, árið 1543, kom Kópernikus fram og sagði: vitiði hvað, ég bara get ekki þagað yfir þessu lengur: jörðin er ekki miðja alheimsins. Sólin er það. Með því hætti hann mannorði sínu enda tók það hann nokkur ár að bíta í sig kjark til þess að slengja fram þessari mjög svo róttæku hugmynd. Þið getið ímyndað ykkur muninn á heimssýn, að líta á jörðina sem miðju alheimsins, þ.e. í raun og veru manninn, samanborið við sólina; að miðjan standi út fyrir mannskepnuna, að við séum partur af svo mikið stærri heim.

Þar með hófst vísindabyltingin sem átti eftir að umbreyta heiminum. Alla vega hinum mannlega heimi með tilheyrandi áhrifum á náttúru og dýr.

En það gleymist stundum, að þegar Kópernikus kom fram með sólmiðjukenninguna árið 1543 þá hafði maður að nafni Aristarkos komist að sömu niðurstöðu tæplega 300 fyrir krist. Á þessari rannsóknarvinnu byggði Kópernikus niðurstöðu sína. Þetta þýðir einfaldlega að sú kenning sem hefur haft hvað mest áhrif á tilvist okkar lá í dvala í 1.800 ár! Og ég vil spyrja ykkur nú: Hvað er það sem liggur ofan í skúffu eða á mælaborðinu í bílnum okkar og við tökum ekki eftir í dag? Eitthvað sem er löngu tilbúið að fá athygli en við erum bara ekki að sjá?

Fjórum árum eftir að Ísland hlaut sjálfstæði, árið 1948, var aðskilnaðarstefnan í Suður-Afríku sett í lög. Fyrir 21 ári síðan var hún afnumin. Sum okkar voru alin upp við þá „staðreynd” sem aðskilnaðarstefnan var og allt sem í henni fólst. Það er ennþá til fólk í dag sem telur hana réttmæta. Og fólk sem telur einn kynþátt æðri öðrum.

Og svo er það önnur en allt öðruvísi „staðreynd“: Að það er heil kynslóð af Íslendingum sem ólst upp við það að kona væri forseti lýðveldisins. Mörg þeirra spurðu foreldra árið 1996: getur karlmaður verið forseti?

Til þess að við getum ímyndað okkur annan heim, þar sem kvenfyrirlitning er hvorki menningar- né stofnanabundin, þurfum við að þekkja fortíðina. En við þurfum líka að hafa hugrekki til þess að halda út í hið óþekkt; við þurfum að þora framtíðinni. Framtíð sem er allt öðruvísi en samtíminn og fortíðin. Aðferðir sem eru hugsanlega allt öðruvísi en þær sem við stundum í dag. Stundum verða breytingarnar svo róttækar að við tölum um menningarlega stökkbreytingu. Í því felst að hugmyndir okkar um tilveruna eru settar á rönguna, fyrst og síðast í verund okkar og inni á heimilum. Svo ná þær fókus með tíð og tíma og setjast í vitund okkar.

Til þess að breyta slíkum grundvallarforsendum þarf skapandi hugsun; þ.e.a.s. hæfileikann til þess að þora út í hið óþekkt, elta tilfinningu fyrir einhverju sem við höfum ekki sönnun fyrir. Femínismi er í raun ekki flóknari en það. Femínismi er að mörgu leyti gríðarlega gott dæmi um skapandi hugsun. Hann fjallar um sannfæringuna um það að karlar séu ekki normið, heldur bæði karlar og konur. Við höfum þessa sterku tilfinningu fyrir því að heimurinn getur verið öðruvísi en hann er í dag. Að hann ætti að vera öðruvísi en hann er í dag. Að hann verði að vera öðruvísi en í dag. Til þess þarf róttæka breytingu; menningarlega stökkbreytingu, út í hið óþekkt. Svo hér kemur framtíðin:

Árið er 2061. Ég sit á ruggustól á veröndinni heima hjá mér, sólin er að setjast og rauðvínið í glasinu ylvolgt. Ég er 87 ára gömul. Ég heiti Hrund og nafn mitt þýðir kona, gyðja eða valkyrja. Ég hef aldrei verið stoltari af nafni mínu en akkúrat núna.

Í gærkvöldi – og munum að núna er árið 2061 – í gærkvöldi urðu barnabörnin orðlaus þegar ég sagði þeim frá því að áður fyrr hefðu verið til alþjóðlegir sáttamálar og lög sem kváðu á um að konur væri helmingur mannkyns. Að líkami þeirra væri ekki vígvöllur, að þær hefðu eitthvað um samfélag sín og eigin líkama að segja. Að þær mætti alls ekki beita ofbeldi.

Hefur það ekki alltaf verið augljóst? Spurði sú elsta. Enda vita þau ekki betur, blessuð börnin. Þau klökknuðu við þá staðreynd að meira fjármagn fór í stríðstrekstur en friðarstarf um aldamótin 2000. Grétu yfir börnunum í Karíbahafi sem fæddust beinalaus með gegnsæja húð útaf kjarnorkutilraunum Frakka. Þau pissuðu í sig úr hlátri þegar ég sýndi þeim gamlar dömubindauglýsingar með ljósbláu tíðarblóði. Sagði þeim frá því að mannskepnan hefði í þúsundir ára talið sig æðri náttúrunni.

Það vex villt basilíka í garðinum mínum. Mannfólkið er hætt að haltra; það notar nú bæði heilahvelin og samliðan er miðlægt afl í verundinni. Það sem áður var rusl er núna efniviður og upphaf að nýju lífi. Allt þetta útaf menningarlegu stökkbreytingunni árið 2040. Það þurfti ekkert minna til.